


*Ársskýrsla
Klifurfélags Reykjavíkur*



Starfsárið 2006-2007

STJÓRN KLIFURFÉLAGS REYKJAVÍKUR



Formaður	Kristín Martha Hákonardóttir	Þjálfari, þrautasmiður, innflytjandi og vefari
Rekstrarstjóri	Hjalti Rafn Guðmundsson	Daglegur rekstur, þjálfari og yfirþrautasmiður
Stjórnarmaður	Ása Sóley Svavarsdóttir	stelpuR og stelpudót
Stjórnarmaður	Stefán Steinar Smáráson	Yfirumsjón með námskeiðum og klifursvæðum
Stjórnarmaður	Sigurður Skarphéðinsson	Tölvur og tilfallandi

STARFSMENN KLIFURFÉLAGS REYKJAVÍKUR



Valdimar Björnsson	Þrautasetjari og kennari á námskeiðum.
Halldóra M. Magnúsdóttir	Afgreiðsla, hópar, hönnuður og umsjón vídeókvölda
Stefanía Ragnheiður Ragnarsdóttir	Afgreiðsla, leiðbeinandi, þjálfari 9–12 ára og hönnuður
Hjalti Andrés Sigurbjörnsson	Í afgreiðslu, hópameistari og kennir á námskeiðum.
Elmar Orri Gunnarsson	Þjálfari 13–15 ára, þrautasmiður og leiðbeinandi
Vikar Hlynur Þórisson	Í afgreiðslu, leiðbeinir hópum, sælgætisStjóri.
Kjartan Björn Björnsson	Í afgreiðslu og leiðbeinir hópum.
Kristján Þór Björnsson	Afgreiðslumaður, þrautasmiður og þjálfari 13–15 ára.
Eyþór Konráðsson	Afgreiðslumaður, leiðbeinir hópum og rýnir.

Einnig hefur Árni Már Sturluson aðstoðað stjórn í ýmsu, s.s. vörukaupum, húsnæðismálum, afgreiðslu og mótahaldi, Kristinn Magnússon tekið myndir á mótum vetrarins, Þórarinn Pálsson smíðað vegg og þríhyrninga.





KLIFURFÉLAG REYKJAVÍKUR

Klifurfélag Reykjavíkur er íþróttafélag sem á aðild að ÍBR. Félagið sér um rekstur Klifurhússins, Skútuvogi 1G og er tilgangurinn með rekstrinum að hlúa að klettaklifri á Íslandi. Ábyrgð á starfi og rekstri félagsins bera starfsmenn og stjórn.

REKSTUR

Skipting á innkomu ársins 2006 í kaup á æfingakortum, stökum skiptum, klifurvörum og sælgæti er sýnd hér að neðan. Rekstrarafkomu félagsins eru gerð skil í ársreikningi fyrir árið 2006.





SJOPPAN

Klifurbúnaður

Megin tilgangur með sölu á klifurvörum í Klifurhúsinu er að bjóða upp á besta klettaklifurbúnað í heiminum í dag á sambærilegu verði og annars staðar í Evrópu. Klifurvörur voru fluttar inn frá: Black Diamond, Five Ten, Beal og Metolius.

Kannaðir voru möguleikar á að flytja inn vörur frá Petzl. Þar sem milliliður á Íslandi er um þau viðskipti varð vöruverð of hátt og var það skotið af.

Sala á klifurvörum hefur verið jöfn og stöðug allt starfsárið. Innflutningur á klifurvörum hefur aukist og vörulageri rúmlega tvöfaldasta frá fyrra ári.

Matur

Ávextir úr Bónus, sælgæti frá Danól og gos frá Agli Skallagrímssyni var selt í sjoppunni. Að auki var hafin profusala á Cliff Bar sem flutt var inn frá Bandaríkjunum. Það rauk út.

KH-Bolir

Stefanía og Halldóra hönnuðu nýja KH-boli og peysur sem voru fluttar inn frá American Apparel. Henson prentaði á bolina. Magn bola á að endast í tvö ár.

KLifur DVD

Klifur dvd myndir voru keyptar og frumsýndar á mánaðarlegum vídeókvöldum. Myndirnar geta þeir sem eiga gild æfingakort í Klifurhúsinu fengið lánaðar.

Námskeið, æfingar og hópar

Sumar

Námskeið í Klifurhúsinu sumarið 2006 voru tvenns konar. Hjalti Rafn og Elmar Orri sáu um sex, vikulöng heilsdagsnámskeið sem haldin voru í júní og júlí fyrir krakka á aldrinum 8–16 ára. Þrjú námskeið voru fyrir haldin fyrir 8–10 ára, tvö fyrir 11–13 ára og eitt fyrir 13–16 ára. Aðsókn á námskeiðin var góð og tóku samtals 56 krakkar þátt á námskeiðunum, 40% þeirra voru stelpur og 60% strákar.

Námskeiðin voru auglýst í sumarþæklingi ÍTR sem dreift var til allra grunnskólanema á landinu. ÍTR styrkti námskeiðin um 300.000 kr sem greiddar voru í tvennu lagi. Skýrslu um afrakstur námskeiðanna var skilað til ÍTR í lok sumars.

Einnig voru haldin þrjú sportklifurnámskeið um sumarið. Hjalti Rafn, Elmar Orri og Stefán Steinar leiðbeindi á námskeiðunum. Hvert námskeið samanstóð af einu kvöldi í Klifurhúsinu og tveimur kvöldum í miðri viku í Valshamri í norðanverðri Esjunni. Alls tóku 16 þátt á námskeiðunum þremur sem heppnuðust mjög vel. Hlutfall leiðbeinenda á þátttakendum var aldrei minna en 1:4 sem við teljum mikilvægt.

Nýjar klifurlínur, klifurbelti, júmmarar og grígrí voru keypt sérstaklega fyrir námskeiðin.

Vetur

Fyrir jól sá Stefán Steinar um eitt námskeið fyrir 16 ára eldri. Námskeiðið stóð í sex vikur og var kennt einn dag í viku í tvo klukkutíma í senn. Ein heimsókn var farin í Bjarkarheimilið í Hafnarfirði til að klifra í línu. Með námskeiðinu fylgdi sex vikna kort í Klifurhúsið og gátu þátttakendur þannig æft sig að klifra milli tíma. Eftir jól héldu Stefán Steinar og Hjalti Andrés eitt námskeið fyrir 16 ára og eldri. Námskeiðið var byggt upp eins og námskeiðið fyrir jól.

Fyrir jól sáu Elmar Orri og Valdimar Björnsson um vikulegar æfingar fyrir 13–15 ára. Eftir jól tók Kristján Björn við þjálfun af Valda sem fór til Hollands. Átta krakkar eru á æfingunum sem eru einu sinni í viku í tvo klukkutíma í senn. Ein ferð var farin í Bjarkarheimilið í Hafnarfirði til að æfa línuklifur. Æfingunum verður haldið áfram í sumar.

Hjalti Rafn, Stefanía og Kristín Martha sáu um að þjálfa æsku landsins í klifri í Klifurhúsinu einu sinni í viku í allan vetur. 17 krakkar á aldrinum 9–12 ára hafa æft reglulega hjá þeim. Með æfingunum fylgdi frítt helgarklifur í Klifurhúsinu sem sumir hafa nýtt sér.

Hópar

Í vetur hefur Klifurhúsið tekið á móti fjölda hópa. Starfsmenn Klifurhússins hafa leiðbeint hópum og hafa hóparnir fengið afnot af sal á efri hæð Klifurhússins. Sérstök greiðsla hefur verið innheimt fyrir leiðsögn og afnot af sal. Öllum yngri hópum (15 ára og yngri) er leiðbeint og fylgir þá salurinn með endurgjaldslaust.

Hópar hafa þurft að panta tíma a.m.k. viku fram í tímann og hefur verið hægt að fylgjast með hópakomum í Klifurhúsið á vefsíðunni og á dagatali við afgreiðslu Klifurhússins. Þannig geta þeir sem æfa fylgst með hópum og skipulagt sínar æfingar á öðrum tímum. Hjalti Rafn hefur tekið við pöntunum hópa og skipulagt heimsóknir þeirra.



KLIFURSVÆÐI OG BOLTASJÓÐUR

Stefán Steinar og Björn Baldursson útteildu augum og akkerum úr boltasjóði Klifurfélagsins. 30–40 augum og 6 akkerum var útteilt úr sjóðnum. Stærstur hluti sjóðsins fór í nýboltun og endurboltun á Hnappavöllum. Síðasta sumar bættust 4 nýjar leiðir við á Hnappavöllum, ein leið var endurboltuð og nokkur akkeri voru sett upp í gömlum leiðum.

Utan boltasjóðsleiða voru tvær nýjar byrjendaleiðir boltaðar í Valshamri og ein ný leið boltuð í Munkaþverárgili.

Í haust var keypt hringlaga borð á útsölu í Húsasmíðjunni. Verður það tekið í notkun á Hnappavöllum sumarið 2007. Kamarinn stóð af sér veður og vinda þetta árið.

Húsnæðismál

Framtíðarhúsnæði

Tilboð var ítrekað gert í lagerrýmið að Skútuvogi 1G, þar sem Actavis, leigusali Klifurfélagsins, hafði látið Klifurfélagið vita að þeir hyggðust selja húsnæðið. Lagt var upp með að fjármagna húsnæðis kaupin með 80% láni hjá Landsbankanum auk 6 Mkr styrks frá Reykjavíkurborg. Tilboðinu var ekki svarað. Actavis setti lagerrýmið á sölu í september. Þá var tilboð í eignina lagt inn á ný en án árangurs. Eignin var seld á 90 Mkr í janúar 2007 ásamt 300 m² skrifstofurými á efri hæð hússins. Klifurhúsið leigir Skútuvog 1G áfram af Actavis þar til 1. febrúar 2008.

Viðræður áttu sér stað milli Klifurfélags Reykjavíkur og Gufunesbæjar um lóð undir klifurhús. Framsýni átti áfram í viðræðum við Klifurfélagið vegna sinnar hugmyndar um að byggja jaðariþróttahús í Nauthólsvík. Ákveðið var að leggja allt kapp í að reyna að kaupa húsnæðið að Skútuvogi 1G og bíða með hugmyndir um að byggja upp aðstöðu til leiðsluklifurs.

Þar sem ekki tókst að kaupa Skútuvoginn hafa viðræður við Reykjavíkurborg og ÍTR um úrlausn húsnæðismála verið settar af stað á nýjan leik. Leit stendur yfir að framtíðarhúsnæði þar sem Klifurfélaginu hefur verið gert að hverfa úr Skútuvoginum fyrir 1. febrúar 2008. Árni Már Sturluson var fenginn til að aðstoða stjórnina í þessum málaflokki. Ný stjórn hjá ÍSALP hefur einnig lýst yfir áhuga á að aðstoða við húsnæðisleit.

Uppbygging innan húss

250.000 kr styrkur úr Íþróttasjóði Menntamálaráðuneytisins sem fengist hafði til að búa til kynningarbakkling og byggja vegg var notaður til að kaupa klifurfestur frá Nicros, smíða við tvo vegg og smíða fleiri þríhyrninga og tunnur til að festa upp í veggina. Þórarinn Pálsson, yfirmiður sá um smíðavinnu, Hjalti Rafn aðstoðaði við hugmyndavinnu og Vikar við smíðavinnu.

Fimleikahringir voru keyptir af Gerplu og hengdir upp við krakkavegginn.

Þrír gamlir veggir voru málaðir auk nýju veggjanna. Stefania hefur að mestu séð um hönnun og málningavinnu. Henni til aðstoðar máluðu Hjalti Rafn, Kristín Martha, Halldóra, Árni Már, Hjalti Andrés, Valdi og Kjartan.

Lyftingahandlóðasett var keypt. Þyngd lóðanna eru frá 2 kg upp í 20 kg. Stefnt er að því kaupa lyftingabekk og lóð frá 20–30 kg seinna á árinu.

Nýr prentari var keyptur þar sem sá gamli dó og tölvan var send í vírusviðgerð. Skjávarpi var keyptur fyrir myndasýningar og vídeókvöld.

Vektor

Skuld Klifurfélags Reykjavíkur við Vektor vegna kaupa á veggjum og festum Vektors lækkaði um 60.000 kr á árinu. Hluthafar í Vektor tóku út kort upp í skuldina.

KYNNINGAR OG VÍDEÓKVÖLD

Netsíðan

Efni hefur bæst inn á netsíðuna jafnt og þétt. Ferðasögur og frásagnir hafa bæst inn á fréttasíðuna, myndir frá mótum og námskeiðum inn á myndasíðuna. Sjoppusíðan fékk andlitslyftingu og fleiri klettasvæði bættust inn í svæðalýsingar.

Opnuð var mæspeis síða og á Klifurhúsið 53 myspace vini í dag. Síðan er notuð til þess að auglýsa og kynna mót, vídeókvöld og aðrar uppákomur sérstaklega. Vinir Klifurhússins geta jafnframt póstað sínum athugasemdum inn á síðuna.

Kynningar

Undanfarin þrjú ár hefur Klifurfélagið tekið þátt í framtakinu Ferðalangur í heimabyggð með opnu húsi á sumardaginn fyrsta.

Helga, Smári og Skarphéðinn klifruðu fyrir Stundin Okkar í Klifurhúsinu í vetur og nokkrar kynningargreinar birtust í blöðunum um Klifurhúsið. Að auki komu viðtöl við Hjalta Andrés og Kristján í blöðunum vegna árangurs þeirra á Norðulandamóti unglunga í Noregi.

Ákveðið var að biða með að útbúa kynningarbækling um Klifurhúsið þar til lausn væri komin í húasnæðismálum.

Vídeókvöld

Vídeókvöld hafa verið haldin einu sinni í mánuði í vetur. Sýndar hafa verið myndirnar: Dosage vol. I, II, III og IV, Pro Tips, Stick it og Storms the movie.





STYRKIR 2006

Sótt var um

Sótt var um styrki hjá: Reykjavíkurborg til uppbyggingar klifurveggja/flutnings (400.000 kr), Íþróttasjóði Menntamálaráðuneytisins til þess að kaupa dýnur undir klifurveggi (500.000 kr), ÍTR vegna sumarnámskeiða fyrir krakka (400.000 kr). Afrekssjóði SPRON og ÍBR vegna æfingaferðar Valdimars Björnssonar til Spánar (100.000 kr) og skólavistar Kristjáns Þórs Björnssonar og Hjalta Andrésar Sigurbjörnssonar á klifurbraut í Nordfjord folkehøgskole (200.000 kr), ÍBR vegna keppnisferðar landsliðs á Norðurlandamótið í leiðsluklifri í Finnlandi (4 × 17.000 kr).

Fengust

Styrkir sem fengust: Leigustyrkur frá Reykjavíkurborg (500.000 kr), ÍTR-styrkut v. sumarnámskeiða krakka (300.000 kr), Styrkur úr Íþróttasjóði Menntamálaráðuneytisins til að byggja vegg og útbúa kynningarbækling (250.000 kr), Húsaleigustyrkur ÍBR (400.000 kr á önn). Styrkur úr afrekssjóði SPRON og ÍBR (3 × 45.000 kr), Ferðastyrkur ÍBR vegna keppnisferðar landsliðs á Norðurlandamótið í leiðsluklifri í Finnlandi (4 × 17.000 kr).

Sumum styrkjunum á eftir að ráðstafa og hafa þeir því ekki verið greiddir út, s.s. 6 Mkr húsnæðis kaupastyrk Reykjavíkurborgar. ACTAVIS hefur áfram veitt Klifurfélaginu húsaleigustyrk sem felst í lækkaðri húsaleigu (70.000 kr/mánuði). Þeim samstarfssamningi hefur verið sagt upp frá og með 1. apríl 2007.

Styrkir veittir

Elmar Orri Gunnarsson, Valdimar Björnsson, Hjalti Andrés Sigurbjörnsson og Kristján Þór Björnsson fengu hver 25.000 kr styrk frá Klifurfélagi Reykjavíkur v. æfingaferða fyrir Norðurlandamót í leiðsluklifri.



MÓT, ÞRAUTIR OG KLETTAAFREK

Þrautir

Sérstakur metnaður er lagður í gæði þrauta í Klifurhúsinu. Við viljum að þrautir í boði hússins séu puttavænar, séu af öllum erfiðleikagráðum, séu sem fjölbreyttastar og henti bæði stuttum og löngum klifurum. Markmið með þrautunum er að búa til betri klettaklifrara.

Yfirþrautasetjari Klifurhússins er Hjalti Rafn Guðmundsson. Á milli móta sáu Valdimar Björnsson, Elmar Orri Gunnarsson, Kristján Þór Björnsson og Hjalti Rafn Guðmundsson um að bæta þrautum og festum inn á veggina.

Dænómót

Vetrarstarfið hófst á fyrsta dænómóti sem haldið hefur verið hér á landi. Mótið var haldið í 20° vegg og var stökkið í 45° út frá upphafstökum. Mótið er því löglegt alþjóðlegt mót.

Dænómeistarar Íslands

strákar 16 ára og eldri: Rafn Emilsson, 2,20 m.

stelpur 16 ára og eldri: Unnur Bryndís Guðmundsdóttir, 1,40 m

stelpur 15 ára og yngri: Katrín Eyþórsdóttir, 1,20 m

strákar 15 ára og yngri: Guðmundur Örn Magnússon, 1,90 m

ÍslandsMeistaraMótaröðin

Í vetur voru haldin 4 grjótglímumót í Klifurhúsinu. Bestu 3 mót hvers þátttakanda töldu sem stig að Íslandsmeistaratitli í grjótglímu. Keppt var í tveimur flokkum stelpna og stráka.

Á mótunum fengu þátttakendur tvo klukkutíma til þess að glíma við 20 þrautir og héldu keppendur sjálfir utanum sín stig. Alls tóku 72 klifrarar þátt á mótaröðinni og 12 þeirra kepptu á öllum mótunum. Það voru Hjalti Rafn og Kristín Martha sem sáu um skipulagningu mótanna og uppsetningu þrauta og Valdimar Björnsson og Elmar Orri Gunnarsson aðstoðuðu hvor á sínu mótinu.

Klifurhúsið þakkar öllum þeim sem sýndu myndir eftir mótin: Stefanía og Halldóra sýndu El Chorro myndir, Jósef og Kristján sýndi Noregsmyndir, Valdi og Elmar sýndu Ter-radets og Norðurlandamótsmyndir og Stebbi sýndi úrval íslenskra grjótglímumynda.

Íslandsmeistarar í grjótglímu

Strákar 16 ára og eldri

1. sæti: Kristján Þór Björnsson
2. sæti: Elmar Orri Gunnarsson
3. sæti: Kjartan Björn Björnsson

Stelpur 16 ára og eldri

1. sæti: Elísabet Birgisdóttir
2. sæti: Stefanía Ragnheiður Ragnarsdóttir
3. sæti: Vilborg Hlöðversdóttir

Strákar 15 ára og yngri

1. sæti: Heiðar Þór Jónsson
2. sæti: Guðmundur Örn Magnússon
3. sæti: Kjartan Jónsson

Stelpur 15 ára og yngri

1. sæti: Katrín Hrund Eyþórsdóttir
2. sæti: Edda Björk Ágústsdóttir
3. sæti: Kristín Erlingsdóttir

Norðurlandamót

Klifurfélag Reykjavíkur sendi þrjá keppendur og liðsstjóra á Norðurlandamótið í leiðsluklifri sem haldið var í Joensuu í norður Finnlandi. Elmar Orri Gunnarsson, Valdimar Björnsson og Hjalti Rafn Guðmundsson kepptu og Árni Már Sturluson stýrði liðinu. Íslendingarnir röðuðu sér í 16., 17. og 18. sæti á mótinu.

Þeir Hjalti Andrés Sigurbjörnsson og Kristján Þór Björnsson kepptu á Norðurlandamóti unglunga í leiðsluklifri. Mótið var haldi í Sogndal í Noreg í glæsilegum leiðsluvegg. Kristján varð Norðulandameistari ásamt Dananum Emil Jespersen og Hjalti Andrés lenti í þriðja sæti í sínum aldursflokki!





KlettaAfrek

Á klifurárinu bættust Kristján Þór Björnsson, Hjalti Andrés Sigurbjörnsson, Kjartan Björn Björnsson, Elmar Orri Gunnarsson og Róbert Halldórsson í hóp 8a klifrara og Hjalti Rafn Guðmundsson rauðpunktaði 8b. Alls hafa átta Íslendingar rauðpunktað 8a og tveir 8b.

Kristján Þór Björnsson og Valdimar Björnsson fóru báðir 7c grjótblímuprautir í Fontainebleau í Frakklandi á árinu.

Tðkendur

Tðkendur í innanhússklifri hefur fjölgað jafnt og þétt og þegar þetta er ritað æfa um 250 manns reglulega í Klifurhúsinu. Auk þeirra sem æfa reglulega og eiga æfingakort í Klifurhúsinu voru stakar heimsóknir í Klifurhúsið um það bil 5300 á árinu sem svarar til um 450 heimsókna í mánuði.

